Stykkishólmi, 14.06.2023

Sveitarfélagið Stykkishólmur,
Umhverfis-, skipulags- og mannvirkjasvið.
B.t. Kristínar Þorleifsdóttur, sviðsstjóra og skipulagsfulltrúa.

Efni: Ósk um heimild til vinnslu deiliskipulags og breytinga á landnotkun í landi Saura 9.

Í framhaldi af fundi með skipulagsfulltrúa og eigendum Saura 9 sem haldinn var 31.05.2023 viljum við leggja fram eftirfarandi fyrirspurn.

Fundinn sátu:
Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi.
Hilmar Hallvarðsson, formaður skipulagsnefndar.
Sigurður Grétar Jónasson, starfsmaður.
Henning Lehmann, eigandi Vigraholts ehf.
Ásgeir Ásgeirsson, eigandi Vigraholts ehf.

Eigendur kynntu á fundinum gróflega hugmyndir sínar um uppbyggingu á Saurum 9 (Vigraholti). Lögð verður áhersla á að framtíðaruppbygging taki mið af náttúru og sögu svæðisins og falli sem allra best að landslagi og staðháttum. Leitast verður við að hönnun og gerð mannvikja muni uppfylla sem best þau markmið.

Samkvæmt núgildandi aðalskipulagi svæðisins er heimild til skipulagningar allt að 93. lóða, undir frístundahús á svæði sem er 46,8 hektarar að stærð. Hugmyndir eru um að stækka byggingarsvæðið og dreifa byggð um Saura 9 betur án þess þó að byggingarlóðum verði fjölgað. Tekið skal fram að ekki er stefnt sérstaklega að fullnýtingu þessara heimilda og niðurstöður um fjölda mögulegra byggingarlóða liggur ekki fyrir, fyrr en greiningu svæðisins lýkur og deiliskipulags vinna er hafin. Gera má ráð fyrir byggingu 45-93 frístundahúsa af mismunandi stærðum þegar svæðið verður fullbyggt.

Óskað er eftir að breyta landnotkun á hluta svæðisins við innanverðan Vigrafjörð og skilgreina það sem þjónustusvæði. Á þessu svæði er fyrirhuguð bygging gistiaðstöðu fyrir ferðamenn, veitingaaðstöðu auk afþreyingar. Kappkostað verður að náttúrufegurð svæðisins auk tengingar við söguslóðir Eyrbyggju njóti sín sem best. Þjónustan er bæði ætluð almennum gestum svæðisins sem og húseigendum. Skilgreint þjónustusvæði getur mögulega orðið á bilinu 10-15 hektarar og byggingarmagn allt að 2000-3000 fermetrar. Öll byggð verður lágreist, að hámarki tvær hæðir, og mun falla eins vel að staðháttum og mögulegt er, t.d. með torfþökum þar sem því verður við komið.

Henning Lehmann arkitekt, mun hafa yfirumsjón með allri hönnun bygginga auk þess sem skipulagstillögur verða unnar í nánu samstarfi við Arkís arkitekta.

Við, Henning Lehmann og Ásgeir Ásgeirsson, óskum því eftir fyrir hönd Vigraholts ehf að fá heimild frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi til að vinna að gerð deiliskipulags Saura 9 og eftir atvikum breytingu á landnotkun svæðisins.

Virðingarfyllst,

f.h Vigraholts ehf

Henning Lehmann Ásgeir Ásgeirsson